



Tillögur til hluthafa Arion banka hf.

Hluthafafundur 9. ágúst 2019

Hluthafafundur í Arion banka hf. verður haldinn þann 4. ágúst 2019 í höfuðstöðvum bankans að Borgartúni 19, 105 Reykjavík og hefst hann kl. 16:00 að íslenskum tíma. Þegar boðað er til fundarins er farið með atkvæði fyrir 1.813.793.618 hluti.

Tillögur:

1. Breyting á stjórn bankans

Stjórn bankans hefur ákveðið að kosning tveggja nýrra stjórnarmanna, sem skulu starfa fram að næsta aðalfundi bankans, fari fram á hluthafafundinum. Annar aðilinn mun koma í stað stjórnarmanns sem lét af störfum áður en kjörtímabili hans lauk, sbr. 2. mgr. 64. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í stjórnarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð fyrir kl. 16:00 þann 4. ágúst 2019 á netfangið hluthafar@arionbanki.is. Notast skal við framboðseyðublað sem er að finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm.

Tilnefningarnefnd mun gera tillögu til hluthafa um framboð til stjórnar sem mun byggjast á tillögum hluthafa og framkomnum framboðum og verður hún birt á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm ásamt öðrum framboðum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fundinn. Frá sama tíma verður hún aðgengileg í höfuðstöðvum bankans.

2. Breyting á tilnefningarnefnd

Stjórn bankans hefur ákveðið að kosning eins nýs nefndarmanns í tilnefningarnefnd, sem starfi fram að næsta aðalfundi bankans, í stað nefndarmanns sem óskað hefur eftir að láta af störfum áður en kjörtímabili hans líkur, skuli fara fram.

Þeir einstaklingar sem hyggjast gefa kost á sér í nefndarkjöri skulu með skriflegum hætti tilkynna félagsstjórn um framboð fyrir kl. 16:00 þann 4. ágúst 2019 á netfangið hluthafar@arionbanki.is. Notast skal við framboðseyðublað sem er að finna á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm. Upplýsingar um frambjóðendur til tilnefningarnefndar verða birtar á vefsíðu bankans www.arionbanki.is/gm eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir hluthafafundinn og verða þær aðgengilegar í höfuðstöðvum bankans frá þeim tíma.



3. Önnur mál

Tillaga að ályktun til félagsstjórnar frá Rúnari Einarssyni, hluthafa

Hluthafafundur Arion banka hf. ályktar eftirfarandi til félagsstjórnar:

1. Hætt verði að gera kaupaukasamninga, framvirka hlutafjársamninga við æðstu stjórnendur og öll önnur bónuskerfi verði afnumin. Þetta á ekki við um bónusa sem ganga til allra starfsmanna bankans og hafa óverulegt verðmæti.
2. Framvegis verði öll störf bankans þar sem laun eru yfir 1 milljón auglýst og umsækjendur látnir setja fram launakröfur með umsókn í lokað umslag. Hæfnisnefnd verði látin fara yfir umsóknir og sá umsækjandi sem uppfyllir allar kröfur sem farið er fram á í umsókn og jafnframt óskar eftir lægstu laununum verði ráðinn í starfið.

Báðar þessar hugmyndir ganga út á að lækka kostnað bankans og auka þar með hagnað hluthafa þannig að hægt verði að greiða hærri arðgreiðslur.